

Nr. 21-059 S 040 Rebba léttbátur**Ásigling, slys á fólki**

Skipaskr.nr.: Óskráður
Útgerð: Landsbjörg Slysavarnarskóli
Smíðaður:
Stærð: bt
Mesta lengd: m
Breidd: m Dýpt: m
Vél: kW, árg.
Fjöldi skipverja: 2



Rebba©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla 4.apríl afgreidd 2022 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 21. maí 2021 var léttbáturinn Rebba að athafna sig við Austurbakka í Reykjavíkurböfn.

Þegar átti að flytja björgunarbát á stefni Rebba út í Björgunarskipið Ásgrím sem notað er við björgunaráæfingar lentu bátarnir harkalega saman. Bátsverjinn klemmdist á milli björgunarbátsins og björgunarskipsins Ásgríms. Afleiðingarnar voru þær að hann slasaðist í baki.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Utanborðsmótor Rebba er 115 hö.
- Skipverjar misstu í sjóinn annan af tveimur spottum sem koma átti um borð í Ásgrím.
- Léttabátnum var keyrt harkalega að Ásgrími og skipverjinn sem slasaðist var óviðbúinn.
- Verklagið sem notast var við flutning útblásins björgunarbáts, í annað skip, til æfinga var sannreynt og unnið hefur verið eftir því (u.þ.b. 20 sinnum á ári).
- Áhættumat fyrir verkið sem er til en hefur verið uppfært.

Nefndarálit:

Um mannleg mistök var að ræða.

Atvikið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til sérstakrar rannsóknar.